

Kópavogi, 28. október 2021

Tilvísun:

## Efni fundar: Hæfniramar og framhaldið við vinnu þeirra

**Fundarmenn:** Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ragnar F. Ólafsson og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir.

**Fjarverandi:** Ingmar Ólafsson Waage, Kristinn Þorsteinsson, Sonja Dögg Pálsdóttir og Svandís Ingimarsdóttir.

**Fundarritari:** Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

## Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar
2. Kynning á niðurstöðum TALIS rannsóknarinnar um starfsþróun
3. Önnur mál

## Umræður og ákvarðanir:

1. Ein ábending barst varðandi fundargerðina og var starfsmanni falið að leiðrétta hana. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins.
2. Ragnar F. Ólafsson sérfræðingur hjá Menntamálastofnun kynnti niðurstöður TALIS-rannsókna, 2008, 2013 og 2016 og dró þar sérstaklega fram niðurstöður er varða starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Umræður urðu um aðgengi kennara að starfsþróun og ástæður þess að kennarar segja að starfsþróunin komist ekki fyrir í vinnutímanum. Einnig rætt um hvata kennara og skólastjórnenda til að sækja sér starfsþróun. Kynning Ragnars var tekin upp. Upptökuna er að finna [hérna](#).

3.

a. Freyja Hreinsdóttir spurði um vinnuna við gerð reglugerðarinnar sem byggir á vinnu ráðsins að hæfnirömmum kennara og skólastjórnenda. Formaður upplýsti að hann hefði þær fréttir úr ráðuneytinu að unnið væri að henni. Hann sagði að engin tímasetning væri komin fyrir útgáfu reglugerðarinnar.

b. Ragnar F. Ólafsson benti fundarmönnum á viðtal sem var við Evu Dögg Sigurðardóttir á RÚV um doktorsrannsókn hennar á málkunnáttu barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálalabagrunn. Einnig benti hann á umfjöllun í Morgunblaðinu um stöðu erlendra kvenna sem eru utan skóla og vinnumarkaðar. Hann áréttaði mikilvægi þess að íslenskukunnáttan væri lykillinn og þess vegna ætti að leggja höfuðáherslu á kennslu málsins.

Næsti fundur: Fimmtudaginn 25. nóvember kl. 13 á TEAMS

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: ÍÁ